



Helstu verkefni sveitarstjóra beggja megin við páska

Enn er verið að fást við uppgjör ársins 2017 og undirbúning ársreiknings. Drög til fyrri umræðu verða tilbúin fyrir 59. Fund 18 apríl nk.

Framkvæmdir

Undirbúningur fyrir borun eftir heitu vatni í Þjórsárholti stendur yfir. Árni Hjartarson frá Ísor tók fund með okkur Skafta og fulltrúum hitaveitufélags Gnúpverja 23 mars sl. Hann er að vinna að því að staðsetja tilvonandi borholu.

Verkfundur verður haldinn 10 apríl nk um gatnagerðarverkefnið. Þegar veðurfarslegar aðstæður leyfa verður haldið áfram þar sem frá var horfið.

Nýtt áhaldahús við Tvísteinabraut mun senn verða tekið í notkun. Verið að leggja síðustu hendur á milliloft.

Framkvæmdir Selásbygginga við byggingu þriggja íbúða raðhúss við Bugðugerði 3 munu hefjast innan tíðar. Lóðarleigusamningur og skipulagsmál eru frágengin.

Skipulagsmál

Deiliskipulagsbreyting í Árneshverfi hefur tekið gildi. Þar með talið eru lóðir sem gert hefur verið ráð fyrir nr 6 og 9 í Bugðugerði.

Verið er að vinna að nokkrum skipulagsútfærslum í Brautarholshverfi.

Sorpmál

Klippikort munu berast á heimilin í sveitarfélaginu ásamt flokkunarhandbók á allra næstu dögum.

Starfsmannamál

Við höfum mannað Skeiðalaug í sumar. Ráða þarf í stöðu verkstjóra yfir unglíngavinnu.

Nóg hefur verið fyrir stafni, en ég